

(B. XIX, 1).

**Ed.**

## **46. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

### 1. gr.

Í stað 33. gr. laga nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna, komi grein, er orðast svo:

Stjórnarráð Íslands hefir umsjón og yfirstjórn fræðslumála. Sjer til aðstoðar skipar kenslumálaráðherra 3 manna nefnd, er nefnist skólanefnd Íslands. Í henni eiga sæti forstöðumaður Kennaraskólans og tveir af kennurum skólans, sem tilnefndir eru til 2 ára í senn. Skólanefndin er ráðunautur stjórnarinnar í öllu, er lýtur að yfirumsjón með fræðslu barna og unglunga. Störf við barna- og alþýðuskóla, sem stjórnarráðið veitir, skulu veitt eftir því, sem meiri hluti skólanefndar leggur til. Skólanefndin undirbýr fyrir stjórnarráðið allar reglugerðir, sem snerta almenna fræðslu barna og unglunga. Skólanefnd Íslands starfar endurgjaldslaust, en greiða skal eftir reikningi simgjöld og kostnað við brjefaskriftir, sem leiðir af nefndarstarfinu. Jafnan skal binda embættaveitingar við Kennaraskólann skyldu til að starfa launalaust í þessari nefnd. Ef allir eða einhverjir af núverandi kennurum skólans neita að taka á sig þessa kvöð, skal kenslumálaráðherrann, meðan svo stendur á, velja í nefndina einn eða fleiri menn, eftir því sem þörf krefur, án endurgjalds. Þó má engan slíkan mann taka í nefndina nema hann hafi starfað að kenslu barna eða unglunga minst í 10 ár.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Með þeim eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

### Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að spara embætti fræðslumálastjóra og að fela kennurum Kennaraskólans að vera landsstjórninni til aðstoðar um samningu skólareglugerða og tillögur viðvikjandi embættaveitingum við barna- og unglunga-skóla. Ber margt til, að þessi breyting er æskileg. Starf fræðslumálastjóra hefir frá upphafi verið bygt á misskilningi á íslenskum staðháttum. Fræðslumálastjóri átti að vera umsjónar- og eftirlitsmaður með skólum, eins og tíðkast erlendis. Þar sem járnbrautarnet liggja um löndin, er ljett að koma þessu við. Umsjónar-

maðurinn getur sífellt verið að ferðast milli skólanna, fræða kennara, líta eftir kenslunni og gefa leiðbeiningar. Hjer er þetta nær ómögulegt. Ferðalög um landið eru dýr og erfið og taka feiknatíma. Ungur maður á ljettasta skeiði gæti um nokkur ár, eins og landpóstarnir, haldið út slik ferðalög. En samt gæti starf hans aldrei orðið sambærilegt við vinnu þá, er liggur eftir umsjónarmenn skólanna í nábúalöndunum. Nú valdi löndsstjórnin sem fræðslumálastjóra roskinn mann og ekki heilsusterkan. Vetrarferðir hefir hann að vonum engar farið, en ferðast nokkuð á sumrin, einmitt þegar engir skólar starfa og kennararnir eru venjulega fjarri við annarlega vinnu. Slik ferðalög eru gagnslaus, en aðeins til kostnaðar fyrir landið. Fræðslumálastjóri hefir þess vegna í raun og veru aldrei haft annað verkefni en að vera ráðunautur löndsstjórnarinnar um veitingu skóla og samningu reglugerða. En til þess þarf vitanlega ekki sjerstakan embættismann. Til þess eru kennararnir við Kennaraskólann allra manna best fallnir. Þeir þekkja alla þá kennara, sem um er að ræða, að starfi og starfa eiga við barna- og unglingskólana. Og lífsstarf kennaraskólakennaranna er að gera alþýðufræðsluna í landinu sem besta og fullkomnasta. Starf þeirra er mikið og óhjákvæmilegt. Úr því þjóðin getur ekki komist hjá að hafa nokkra sjerfróða menn til að undirbúa kennara löndssins, virðist sjálfsagt að fela þeim sem allra mest af hinni sjerfróðu vinnu, sem leysa þarf af hendi við yfirstjórn fræðslumálanna. Hinsvegar yrði að sjálfsögðu skrifstofuvinna viðvikjandi fjármálum barna- og alþýðuskóla gerð af undirmönnum í stjórnarráðinu.

Með lögum þessum er gert ráð fyrir, að embætti fræðslumálastjóra verði lagt niður þegar í stað. Sá maður, er gegnir því nú, myndi þá njóta biðlauna í næstu 5 ár. Yrðu það mjög álitleg eftirlaun, og vel viðeigandi, þar sem maður sá, er í hlut á, hefir starfað öll sín bestu ár að uppeldismálum hjer á landi.